

Upplýsingaöryggisstefna Garðabæjar

útgáfa 1.0

9. maí 2022

Unnið af vinnuhóp um upplýsingaöryggi í Garðabæ.

Upplýsingaöryggisstefna Garðabæjar

Hlutverk upplýsingaöryggisstefnu Garðabæjar er að tryggja öryggi upplýsinga bæjarins, tengdra aðila og íbúa m.t.t. leyndar, réttleika og aðgengi. Stefnan nær til allra upplýsinga í starfsemi sveitarfélagsins óháð á hvaða formi upplýsingarnar eru varðveittar, þ.e. rafrænt, á pappír, sem vitneskja aðila eða samskipti. Stefnan nær einnig til allra upplýsinga þriðja aðila sem Garðabær hefur í vörslu sinni og/eða hefur falið öðrum að sjá um í sínu nafni. Stefnan gildir fyrir alla starfsmenn, nefndarfolk og bæjarfulltrúa sem og samningsbundna aðila sem hafa aðgang að upplýsingum á vegum Garðabæjar. Sérstaklega skal vernda gögn sem teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga einstaklinga.

Garðabær fylgir eftirfarandi stefnuatriðum í upplýsingaöryggismálum:

1. Garðabær fylgir lögum, reglum og leiðbeiningum um upplýsingaöryggi og persónuvernd sem eru grundvöllur skipulags og viðhalds ráðstafana sem eiga að standa vörð um leynd, réttleika og aðgengi gagna og upplýsingakerfa.
2. Garðabær fylgir [persónuverndarstefnu bæjarins](#) um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga.
3. Upplýsingaöryggisstefna Garðabæjar og verklagsreglur sem henni fylgja í upplýsingaöryggismálum eru bindandi fyrir alla starfsmenn bæjarins og þá aðila sem veita bænum þjónustu eða fá aðgang að upplýsingum og eða upplýsingakerfum bæjarins.
4. Garðabær fylgir lögum, reglum og leiðbeiningum á hverjum tíma um stjórnun upplýsingaöryggis.
5. Starfsmenn Garðabæjar, þjónustuaðilar og verktakar skulu vernda upplýsingar og upplýsingakerfi gegn óheimilum aðgangi, óheimilli notkun, óheimilum breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi og flutningi.
6. Garðabær stuðlar að því að öllum þáttum upplýsingaöryggisstefnunnar sé framfylgt með ráðstöfunum sem miðast við störf og ábyrgð viðkomandi aðila. Starfsemi og starfshættir starfsmanna sveitarfélagsins skulu vera til fyrirmyndar hvað varðar upplýsingaöryggi.
7. Starfsmenn Garðabæjar, notendur og þjónustuaðilar eru hvattir til þess að tilkynna upplýsingaöryggisatvik og frávik sem upp koma í þeim tilgangi að stuðla að stöðugum umbótum ásamt því að vinna að virkri öryggisvitund notenda, þjónustuaðila og öðrum sem fá aðgengi að upplýsingaverðmætum í starfsemi fyrir Garðabæ. Vinnuhópur um upplýsingaöryggi í Garðabæ fylgist með stöðu mála er varða upplýsingaöryggi í stofnunum bæjarins og kynnir með reglubundnum hætti fyrir bæjarráði Garðabæjar.
8. Starfsmönnum, þjónustuaðilum og verktökum, bæði núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál Garðabæjar.
9. Stefna þessi skal endurskoðuð eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.
10. Stefnum og verklagsreglum Garðabæjar sem tengjast ÍST ISO/IEC 27001:2017 í upplýsingaöryggismálum er nánar lýst í gæðakerfi sveitarfélagsins.

Garðabær, 2022

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri